

Nr. 3.
14.
febrúar.

Lög

um

heimild til að banna innflutning ósútaðra skinna og húða.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stjórnarráðinu fyrir Ísland veitist heimild til að banna að flytja hingað til lands frá útlöndum ósútaðar húðir eða ósútuð skinn, nema söltuð sje og óhert, eða enn frekari trygging sje fyrir því, að ekki felist í þeim sóttæmi.

2. gr.

Brot gegn slíku banni varða sektum, 200—1000 kr., og liggi þó eigi þyngri hegning við að lögum; skinn og húðir skulu og upptæk og ónýtt á opinberan kostnað, enda renni sektir í landssjóð.

3. gr.

Mál út af tjeðum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 14. febrúar 1902.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Alberti.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

LOV

om

Nr. 3.
14de
Februar.

Hjemmel til at forbyde Indførsel af ugarvede Huder og Skind.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Ministeriet for Island bemyndiges til at forbyde Indførsel her til Landet fra andre Lande af ugarvede Huder og ugarvede Skind, med mindre de ere saltede og ikke tørrede, eller der haves en endnu større Betyggelse for, at de ikke ere befængte med Smitstof.

§ 2.

Overtrædelse af et saadant Forbud straffes med Bøder fra 200—1,000 Kr., for saa vidt Gerningen ikke falder ind under strængere Straffebestemmelser, hvorhos Skindene og Huderne skulle være forbrudte og tilintetgøres paa offentlig Bekostning. Bøderne tilfalde Landskassen.

§ 3.

Sager i Anledning af de ommeldte Overtrædelser behandles som offentlige Politisager.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 14de Februar 1902.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

Alberti.

Ministeriet for Island, den 14de Februar 1902.

Alberti.

Ólafur Halldórsson.